

GJALDSKRÁ**fyrir veitta þjónustu á rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins.**

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsóknna fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er kr. 600,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu en greint er frá í 1. gr. skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.Ingimar Sigurðsson.**GJALDSKRÁ****vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985.**

1. gr.

Gjald samkvæmt gjaldskrá vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð nr. 390/1985, sbr. gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum, verður sem hér segir:

	kr.
1. flokkur	127 400,00
2. flokkur	47 600,00
3. flokkur	23 800,00
4. flokkur	8 400,00

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins staðfestist hér með samkv. 17. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.Ingimar Sigurðsson.